



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100

145. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja haldinn mánudaginn 10. apríl í bóknámshúsi skólans og hófst hann kl. 17:00. Mættir: Hjálmar Árnason, skólameistari, Guðmundur Björnsson, formaður skólanefndar, Ægir Sigurðsson, aðstoðarskólameistari, Eggert Ólafsson, Jón Gunnarsson, Guðjón Kristjánsson, Bogi Hallgrímsson, Ellert Eiríksson og Jón Sæmundsson, fjármálastjóri og fundarritari.

1. Reikningar ársins 1988.

Reikningar fyrir árið 1988 teknir til síðari umræðu. Nokkrar stuttar fyrirspurnir komu fram sem skólameistari og fjármálastjóri svöruðu. Síðan voru reikningarnir samþykktir samhljóða.

2. Fjárlagagerð ársins 1990.

Hjálmar Árnason, skólameistari, fylgdi fjárlagagerðinni úr hlaði og skýrði einstaka liði. Nokkrar fyrirspurnir komu fram sem skólameistari svaraði. Síðan var fjárlagagerðin samþykkt.

3. Trúnaðarmál.

4. Önnur mál.

a) Guðmundur Björnsson greindi frá bréfi formanns samgöngunefndar S.S.S., Vilhjálmi Grímssyni, þar sem hvatt er til sameiginlegs tilboðs alls skólaaksturs á Suðurnesjum fyrir næsta skólaár og að verkinu verði hraðað eins og kostur er og stefnt að útboði eigi síðar en í maí n.k. Hugmynd samgöngunefndar S.S.S. samþykkt og Ægi Sigurðssyni falinn framgangur málsins.


b) Skólameistari gat þess að Ósa Knútsdóttir, kennari, við skólann óskaði eftir launalausn leyfi í 1 ár. Samþykkt.

c) Eins og áður hefur komið fram fer skólameistari í 1 árs leyfi nú í sumar og staða aðstoðarskólameistara rennur út nú í vor. Samþykkt var að óska eftir því við ráðuneyti að staða skólameistara verði auglýst til eins árs og að staða aðstoðarskólameistara til 5 ára.


d) Hjálmar Árnason gat þess að hann hefði óskað eftir því við formann listanefndar Keflavíkurbæjar, Ástu Árnadóttur, að skólinn fengi listaverk í eigu bæjarins til að skreyta vegg skólans. Komin eru 13 myndlistaverk sem þegar prýða skólann.

e) Það kom fram hjá skólameistara að einungis 30% kennslumagn stendur nú nemendum til boða vegna verkfalls.

Fleira ekki gert, fundi slitið.



Guðmundur Björnsson,
formaður skólanefndar



Jón Sæmundsson,
fjármálastjóri.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100

Suðurnesjum 4. apríl 1989.

F U N D A R B O ð.

Boðað er til fundar í skólanefnd FS mánu-
daginn 10. apríl 1989 og hefst hann kl. 17:00

D a g s k r á.

1. Reikningar ársins 1988 til samþykktar.
2. Fjárlagagerð ársins 1990.
3. Mál Sigurðar Erlendssonar.
4. Önnur mál.

- danská
- ámsýnir skólinn
aht. sk.
ófrk.

Guðmundur Björnsson,
formaður skólanefndar.

- verkfall
- listaverk